

Skólaráðsfundur haldinn í Myllubakkaskóla 7. nóvember 2011 kl. 16:00
Nemendaráð Myllubakkaskóla var boðað til að hlusta og taka þátt í
fyrsta lið fundarins.

Mættir voru; Guðrún, Stefán, Stefán Már, Grazyna, Hrafnhildur, Snezana og Svana.

Fulltrúar nemendaráðs: Andrea Una 9 ÞG, Aníta Lind 9. ÞG, Ísak Þórir 9 UG,
Snezana 9. UG, Guðjón Smári 10. AV, Ismael 10. JS, Katla Guðbjörg 10. AV, Marta
Hrönn 10. JS

Dagskrá fundarins:

1. Nemendaráð kynnt starfsemi Skólaráðs
2. Skólanámskráin
3. Önnur mál

1. Skólastjóri bauð nemendaráð velkomið til fundarins og kynnti fyrir þeim
hlutverk skólaráðs.

Umræður um starfsemi nemendaráðs hvað varða félagsmál og voru allir sammála
um að vel væri að þessu staðið fyrir eldri nemendur en það mætti bæta aðeins við
hjá þeim yngri.

Nemendur komu með nokkrar hugmyndir um hvað mætti bæta við og gera betur
s.s að stofna Glee klúbb, setja upp söngleik eins og gert hefur verið undafarin ár,
gefa út fréttablað með skemmtilegum fróðleik af skólastarfinu og fleira. Einnig
var ákveðið að ræða við foreldrafélagið um að koma upp umræðugrundvelli þar
sem fólk fullorðnir og börn koma sama og ræða hin ýmsu mál og skiptast á
skoðunum.

Hafa á samband við foreldrafélagið um að koma af stað bekkjarkvöldum eins og
áður var svo vinsælt.

Guðrún spurði hvernig nemendum hafi þótt málþingið, Hærra ég og þú, sem
haldið var á dögnum. Þau voru sammála að það hafi verið gagnlegt og að tveir í
hópnum hafi verið valin til að hittast áfram einu sinni í viku.

Mikill áhugi er hjá nemendaráði að laga til og endurbæta aðstöðuna niðri í
félagsaðstöðu jafnvel fá að mála og skreyta. Sjoppan er þó öllu verst.

Fundin verður lausn á málinu. Nemendaráði var þökkuð fundarsetan og yfirlit
fundinn

2. Spurt var hvort fundarmenn hefðu kynnt sér skólanámskrána en hún er
endurnýjuð á hverju ári og er nú tilbúin til að setja á heimasíðu skólans.
Fundarmenn voru hvattir til að skoða skrána þar og láta vita hvað þeim finnst
um hana.
3. Skólaráð vill koma á framfæri ánægju með dagatalmánaðarins á heimasíðu vill
að viðkomandi fái hrós fyrir.

Fundarritari: Svana Daðadóttir